



Byggðasafn Reykjanesbæjar

ársskýrsla 2007



*Hljómsveit Guðmundar Ingólfssonar, Einar Júlíusson syngur.
FHS, sh 484*

*Reykjanesbæ: 8. janúar 2008
Sigrún Ásta Jónsdóttir*

Starfsemin

Hlutverk safnastarfs er að safna, varðveita, skrá, rannsaka, miðla, veita almenningi aðgang að menningararfleifðinni og vekja athygli á henni. Hlutverk byggðasafna er að sinna svæðisbundnu safnastarfi sveitarfélaga.

Starfsmenn safnsins á árinu voru sem hér segir: Sigrún Ásta Jónsdóttir forstöðumaður og Björn Ragnarsson starfsmaður bæði í 100% starfi. Steinþór Hafsteinsson var ráðinn til að taka ljósmyndir af gripum smkv samkomulagi milli Reykjanesbæjar og Geðhjálpar á Suðurnesjum.

Rekstur og styrkir

Heildarvelta safnsins samkvæmt fjárhagsáætlun var 19.327.781. Rekstrarniðurstaða ársins varð þó hærri einkum vegna hækkunar á launum.

Styrkir fengust frá Safnaráði samtals 1.900.000, þar af rekstrarstyrkur kr. 1.600.000, verkefnastykur kr. 400.000 vegna söfnunar munnlegra heimilda.

Helstu samstarfsverkefni

Unnið var að innleiðingu stafræns myndabanka ásamt nokkrum öðrum starfsmönnum Reykjanesbæjar. Ráðgjöf og lán á gripum á sýninguna *Heimskautin heilla* í Fræðasetrinu í Sandgerði. Þátttaka í gerð skýrslu um menntunarhlutverk safna, fyrir Safnaráð. Útvegum ljósmynda fyrir Sparisjóð Keflavíkur vegna eitt hundrað ára afmælis hans á árinu. Lán á gripum til Suðsuðvesturs vegna listsýningar. Samningur við Rannveigu Garðarsdóttur um sögugöngu á Ljósanótt. Forstöðumaður var beðinn um að taka sæti í faghóp um undirbúning CECA fundar sem haldinn verður á haustdögum 2009. CECA eru alþjóðleg samtök safnkennara og er hluti af ICOM, alþjóðasamtökum safnmanna.

Fundir og ráðstefnur

Forstöðumaður sótti málstofu um munnlega sögu sem jafnframt var stofndagur félagsins Minnis, forstöðumaður var kjörinn í stjórn félagsins. Þá voru nokkrir fundir haldnir um fyrirhugað flug- og herminjasafn. Einn almennur fundur byggðasafna. Nokkrir fundir um nýja vefsíðu Safnaráðs. Fundir með vélstjórafélagi Suðurnesja. Málstofa um miðlun á sögusýningum. Málþing um söfn og setur. NORSE verkefnið fundaði í Keflavík, ákveðið að skoða möguleika á nýju Evrópuverkefni þar sem Shetlandseyjar myndu leiða verkefnið. Nokkrir fundir þar sem kynntar voru nýjar hugmyndir um varðveislu gagna af einkaaðlilum, þar á meðal var fundur með Þjóðminjaverði. Ráðstefna um munnlega sögu haldin í Þjóðarbókhöðu 23 nóvember þar sem forstöðumaður kynnti vinnu við undirbúning að söfnun munnlegra heimilda í Reykjanesbæ. Starfsmaður sótti ráðstefnu um Strandmenningu

Endurmenntun

Forstöðumaður sótti námskeið um skjalaflokkun í Reykjavík, námskeið um verkefnastjórnun. Námskeið um öflun munnlegra heimilda.

Forstöðumaður og starfsmaður sóttu námskeið um fjölmenningu og Farskóla safnmanna sem haldinn var í Glasgow 18. til 21. september.

Sýningar og þjónusta

Duushús

Þann 31. mars var opnuð ný sýning í Gryfjunni undir merkjum Poppminjasafns Íslands: *Vagg og velta, rokkárin á Íslandi*. Ólafur Engilbertsson var sýningahönnuður. Jafnframt var sýningin Stuð og frið, tekin niður og munum skilað.

Í tengslum við afhendingu menningarverðlauna og styrkja Reykjanesbæjar var opnuð örsýning í Bíósal þar sem fjallað var um Duushúsin og sagnameistarana Mörtu Valgerði Jónsdóttur og Jón Thorarensen, auk sýningar á forvitnilegum smáhlutum úr eigu Byggðasafnsins.

Í Listasal var sett upp sýningin “myndir í stofunni” þar voru m.a. sýnd veggteppi úr eigu safnsins. Sýningin var í samvinnu við Listasafn Reykjanesbæjar og Duushús. Heildarfjöldi skráðra gesta í húsin var 37.108.

Stekkjarkot

Gerður var samningur við Íslending ehf að hann tæki að sér að reka kotið sumarið 2007. Erfitt er að telja gesti inn í Stekkjarkot þar sem svæðið er svo opið en áætlað er að milli 15 og 20 þúsund gestir hafi komið.

Þorakistur voru afhendar leikskólum Reykjanesbæjar frá 24 janúar, voru tvær í gangi. Þá nýttu leikskólar sér það að fá kotið lánað viku í senn á þorratímanum.

Vatnsnes

Sett upp, í tengslum við Ljósanótt, sýning á brúðusafni Helgu Ingólfssdóttur, ljósmyndum Ellerts Grétarssonar, brúðufötum Gunnhildar og Brynhildar Þórðardætra og veggteppum úr eigu Byggðasafnsins. Var húsið opið yfir Ljósanótt en síðan eftir samkomulagi. Í gestabók eru skráðir 229 gestir.

Aðrir staðir

Innri-Njarðvíkur húsið var opið eftir samkomulagi. Innan við eitt hundrað gestir skoðuðu húsið.

Frumleikhúsið: Byggðasafnið ásamt Bókasafni og menningarfulltrúa buðu leikskólabörnum og yngstu bekkjum grunnskóla Reykjanesbæjar á leikrit frá Möguleikhúsinu, í desember, í leikhúsi bæjarins, Frumleikhúsinu.

Bókasafn: þar voru settar upp fjórar örsýningar. Þær voru: fjölskyldu- og myndaalbúm, brot úr sögu skáta, brúðusafn Helgu Ingólfssdóttur og mynt- og merkjasafn Skúla Magnússonar.

Yfirlit yfir sýningar

Fjórar stærri sýningar voru uppi í lok árs 2007 og tvær minni. Skráðar eru 1342 staðsetningar á sýningum eða um 17% safnkostsins.

Útlán eru annars vegar til lengri tíma aðallega til Saltfiskseturs Íslands í Grindavík og Fræðasetursins í Sangerði og síðan til skemmri tíma eins og þorragripir sem lánaðir voru leikskólum í um sólarhring á hvern skóla.

Gestafjöldi: Heildarfjöldi skráðra gesta í Duushúsin var 37.108. Áætlað er að milli 15 og 20 þúsund gestir hafi komið að Stekkjarkoti og víkingaskipið. Gestir í Innri-Njarðvík og Vatnsnes voru um 300 talsins. Þannig að heildarfjöldi gesta áætlað er milli 52 til 57 þúsund yfir árið.

Safnkosturinn

Munasafn


Nánast var lokið við að flytja hluti frá Vatnsnesi á Njarðarbraut 3. Það sem eftir er eru textílar og innrammaðar myndir. Keyptur var skápur fyrir textíla á Njarðarbraut rétt undir árslok og verða textílar fluttir á Njarðarbrautina í janúar 2008. Ekki hefur enn fundist góð lausn fyrir innrammaðar myndir en unnið verður að lausn árið 2008.

Staða skráningar muna

Heildarfjöldi færslna í safnskrá við áramót eru 7863 færslur. Nýskráningar árið 2007 voru 559 færslur, þar af aðföng 441, gripir fengnir að láni vegna Vagg og velta: 43, úr fórum safnsins 75 færslur. Samtals eru þetta 901 stykki.

Sökum mikillar innkomu aðfanga hefur ekki tekist að ská allan safnaukann, á árinu. Það sem eftir er, eru brúður Helgu Ingólfssdóttur um 200 færslur og töluvert af textíl, áætlað um 500 færslur, verður reynt að klára skráninguna fyrir 1. febrúar 2008.

Á grafinu má sjá að 73% af safnkosti er staðsettur í geymslum, þar af eru 77% á Njarðarbraut 3. 10% er eftir staðsetja, en einnig er í þeirri tölu tvískráningar. 17% er síðan á sýningum.



Myndasafn

Myndasafninu er skipt í þrjú megin söfn, almennt safn ljósmynda MYR, filmusafn Heimis Stígssonar, ljósmyndara, FHS og hreyfimyndasafn Viðar Oddgeirssonar, HVO.

Töluvert var um fyrirspurnir og myndabeiðnir úr söfnunum. Flestar myndir voru afgreiddar til Sparisjóðs Keflavíkur og tímaritsins Faxe. Safnið fékk veglega gjöf er ákveðið var leyfa safninu að taka stálskáp (skúffuskápa) úr útvarpshúsi Varnarliðsins, um er að ræða 9 skápa ásamt vinnuborðum, er þetta mikill fengur fyrir myndasafnið. Mikil vinna hefur farið í að flytja síðan pappírskópúsafnið í skápana úr möppum.

Myndasöfnin þrjú eru skráð með mismunandi hætti. Í almenna safninu er hver mynd skráð, í dag eru tæplega 22 þúsund myndir skráðar og annað eins er óskráð. Mjög mikil vinna er eftir við að flokka þessar myndir, umbúðavæða, grísa og skanna inn valdar myndir.

Filmusafn Heimis er skráð samkvæmt tókum og eru núna skráðar tæplega 45 þúsund tukur í safninu hans. Er sú skráning lunginn úr safninu en þó er töluvert eftir að skrá en erfitt er að meta hve há sú tala er. Á árinu var gerður samningur við Heimi Stígsson um að hann kæmi til aðstoðar með óskráð og óflokkað efni. Ljóst er að mikil vinna er eftir við að flokka og skrá það sem enn er óskráð. Brýnt er að hefja umbúðavæðingu safnsins og síðan að grísa og skanna inn valdar myndir.

Hreyfimyndasafn Viðars Oddgeirssonar er þrjúþætt; almennar fréttamyndir frá RÚV af svæðinu, þá íþróttaréttir og síðan hefur Viðar yfirfært gamlar filmur frá svæðinu. Nú eru um 4000 spólur í safninu. Viðar heldur sjálfur utan um alla skráningu og veitir alla þjónustu úr safninu. Enda hefur safnið ekki yfir þeim tækjakosti að ráða sem til þyrfti. Í framtíðinni er hugmyndin að safnið verði á stafrænu formi og þannig aðgengilegra almenningi.

Yfirlit skráningar árið 2007.

Fjöldi færslna í upphafi og lok árs 2007			
Safn	Upphaf árs	Lok árs	mismunur
MYR	20.890	21.790	900
FHS	44.240	44.822	582

Samtals voru því skráðar 1482 nýjar færslur nánast alfarið úr fórum safnanna.

Rannsóknir

Hafist var handa við að koma af stað söfnun munnlegar heimilda. Keyptur hefur verið vandaður upptökubúnaður og forstöðumaður fór á námskeið um öflun munnlegra heimilda. Samið hefur verið við Miðstöð munnlegrar sögu um að halda slíkt námskeið í Reykjanesbæ árið 2008. Þá var stofnaður stýrihópur og haldinn einn fundur þar sem verkefnið var kynnt, en hugmyndin er að hópurinn komi að mótun stefnu í þessu máli sem síðar verði kynnt í nýrri stefnumótun safnsins árið 2008. Inntak hugmyndarinnar er að sjálfboðaliðar komi að söfnun munnlegra heimilda og síðar ýmsum öðrum þáttum í safnastarfinu. Hugmyndirnar voru kynntar á málstofu sem Miðstöð munnlegrar sögu og félagið Minni héldu síðla árs 2007.

Hafin var vinna við undirbúning að gerð bókar um handgerð leikföng um miðja síðustu öld í samvinnu við Helgu Ingólfsdóttur, þroskaþjálfu. Vonast er til að sú vinna skili árangri á næsta ári með útgáfu bókar um efnið.